



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. október 2020

Efni: Umsögn SI um frumvarp til laga um viðskiptaleyndarmál, 13. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 14. október sl. þar sem óskað er umsagnar samtakanna um ofangreint mál.

Með frumvarpinu er verið að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2016/943/ESB frá 8. júní 2016 um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskipti (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögumætri öflun, notkun og birtingu þeirra. Markmið lagasetningarinnar er annars vegar að tryggja að kröfur tilskipunarinnar séu uppfylltar í íslenskum rétti og hins vegar að styrkja réttarvernd viðskiptaleyndarmála og gera handhöfum þeirra auðveldara að leita réttar síns.

Í umsagnarferli málsins á samráðsgátt stjórnvalda sendu samtökin inn umsögn með tillögu að viðbót við lagafrumvarpið sem snýr að vernd trúnaðarupplýsinga sem lagðar eru fram í opinberum innkaupum og óska eftir að þær upplýsingar öðlist sömu vernd og viðskiptaleyndarmál. Tillagan var ekki tekin til greina en samtökin ítreka mikilvægi neðangreinds.

Í 17. gr. laga um opinber innkaup, nr. 120/2016, er kveðið á um trúnaðarskyldu, en þar segir að kaupanda er óheimilt að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem fyrirtæki hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga teljast upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim. Þrátt fyrir skýrt ákvæði þá er hættu á að hið opinbera veiti öðrum en þeim sem ráða yfir upplýsingum með lögumætum hætti aðgang að viðkvæmum trúnaðarupplýsingum, sbr. 17. gr. laganna. Það getur m.a. gerst ef almenningur fær aðgang að útboðsgögnum á grundvelli upplýsingalaga, þar sem viðkvæmar upplýsingar eins og einingarverð eða sértækar tæknilausnir eru aðgengilegar.

Til að tryggja aukna vernd ofangreindra trúnaðarupplýsinga leggur SI til að bætt verði við 20. gr. frumvarpsins breytingar á lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016. Samtökin telja að 1. mgr. 17. gr. laganna skuli vera breytt með því að bæta við nýjum málslíð sem áréttar að við öflun, notkun og afhjúpun á fyrrgreindum trúnaðarupplýsingum gildi lög um viðskiptaleyndarmál. Téd viðbót við frumvarpið tryggir bjóðendum í opinberum innkaupum þau úrræði sem frumvarpið hefur að geyma, t.a.m. heimild til að leggja lögþann, bætur fyrir fjártjón og/eða bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.



Samtökin vilja að lokum leggja áherslu á það, verði frumvarpið að lögum, að þagnarskylda hins opinbera sé höfð í öndvegi þegar einstaklingar og lögaðilar afhenda því viðskiptaleyndarmál. Komi til þess að eftirlitsskýrslur eða aðrar upplýsingar séu birtar, skulu stjórnvöld ávallt sjá til þess að viðskiptaleyndarmál séu undanskilin þeim birtingum, enda geta þess konar upplýsingar ekki átt við almenning nema skilyrði 3. gr. frumvarpsins eru sannarlega uppfyllt. Ennfremur leggja samtökin áherslu á að eftirlitsaðilar gæti meðalhófs í eftirliti sínu og taki ekki afrit af viðskiptaleyndarmálum, t.d. uppskriftum, nema brýn þörf sé á.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Björg Á. Þórðardóttir', is written over a horizontal line.

Björg Ásta Þórðardóttir
yfirlögfræðingur SI